

# Örorkulífeyrir

Landssamtök lífeyrissjóða efna til málþings um örorkulífeyrismál með áherslu á hlutverk sjóðanna í greiðslum lífeyris vegna orkutaps, fimmtudaginn 31. mars kl. 9:30-13:00 á Hótel Reykjavík Natura.

## Dagskrá:

- 9.30 - 9.40 — **Ávarp**  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL
- 9.40 - 10.00 — **Yfirlit yfir úrlausnarefni í örorkulífeyrismálum lífeyrissjóða**  
Kristján Geir Pétursson, formaður réttindanefndar LL
- 10.00 - 10.30 — **Fjölgun öryrkja og samspil bótagreiðslna - þróunin á Íslandi og innan OECD**  
Katrín Ólafsdóttir, hagfræðingur
- 10.30 - 11.00 — **Örorkulífeyrir frá lífeyrissjóðum**  
Tómas Möller, lögfræðingur LIVE
- 11.00 - 11.15 — **Kaffihlé**
- 11.15 - 11.45 — **Hlutverk starfsendurhæfingar, samvinna VIRK og lífeyrissjóðanna og ákvörðun um framfærslu**  
Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK
- 11.45 - 12.30 — **Pallborð**  
Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA  
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ  
Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR  
Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB  
Páll Halldórsson, varaformaður BHM
- 12.30 - 13.00 — **Hádegisverður**

Fundarstjóri: *Finnbjörn Hermannsson* og ritari *Stefán Halldórsson*

Málþingið er einkum ætlað stjórnar- og starfsmönnum lífeyrissjóða auk fulltrúa aðila vinnumarkaðarins.



Tilkynning um þátttöku berist  
Landssamtökum Lífeyrissjóða  
á tölvupóstfangið [radstefna@ll.is](mailto:radstefna@ll.is)  
fyrir 29. mars n.k.



# Yfirlit yfir úrlausnarefni í örorkulífeyrismálum lífeyrissjóða

Kristján Geir Pétursson, formaður  
réttindanefndar LL



# Grundvöllur örorkulífeyris



- Lög nr. 129/1997 – heildarlög um starfsemi lífeyrissjóða
- Mörg ákvæði laganna eiga sér fyrirmynd í samningi ASÍ og VSÍ frá 1995
- Lögin fela í sér lágmarksreglur um lífeyri, þ.m.t. örorkulífeyri
- Ekki samræmd afgreiðsla á örorkulífeyrismálum milli lífeyrissjóða



- Meðhöndlun örorkumála:
- **Örorkuhugtakið – hvert er inntak þess?**
- Ágreiningsmál um rétt til örorkulífeyris – úrskurðarnefnd?
- Mat á viðmiðunartekjum og tekjueftirlit lífeyrissjóða – nauðsyn samræmingar
- Víxlverkanir milli lífeyrissjóða og almannatrygginga



- Lífeyrissjóðirnir hafa ekki stuðst við samræmda túlkun á örorkuhugtakinu
- Ekki fyllilega ljóst af lögum eða lögskýringargögnum hvernig túlka eigi hugtakið, sbr. 1. mgr. 15. gr. l. nr. 129/1997.
- *„Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.“*
- Á að miða örorkulífeyrisrétt við varanlega örorku/orkutap eða eitthvað annað?
- Skapar vandkvæði fyrir sjóðfélaga þegar sjóðfélagar eiga réttindi í fleiri en einum lífeyrissjóði
- Skv. 2. mgr. 19. gr. l. nr. 129/1997 á ekki að skipta máli hvort menn eiga lífeyrisréttindi í einum eða fleiri lífeyrissjóðum og skulu menn hvorki glata réttindum né öðlast meiri rétt vegna þess að iðgjaldagreiðslur skiptast milli tveggja eða fleiri sjóða



- Skv. nefnd um endurskoðun laga um almannatryggingar er stefnt að því að lífeyrissjóðir taki upp starfsgetumat
- Orkutap sjóðfélaga verði skilgreint út frá starfsgetu
- Úrskurður/ákvörðun í hverju máli áfram á hendi sjóðstjórnar lífeyrissjóða
- Áfram verði byggt á aðkomu trúnaðarlækna að hverju máli
- Samskipti VIRK og lífeyrissjóða verði nánar njörvuð

# Ágreiningsmál um rétt til örorkulífeyris- úrskurðarnefnd?



- Úrskurðarnefnd skeri úr í ágreiningsmálum um örorkulífeyri
- Myndi auðvelda sjóðfélögum að bera ágreiningsefni undir annan aðila
- Tvær leiðir tækar fyrir sjóðfélaga:
  1. Að beina máli til gerðardóms skv. 33. gr. laga nr. 129/1997
  2. Að bera mál undir almenna dómstóla

# Ágreiningsmál um rétt til örorkulífeyris- úrskurðarnefnd?



- **33. gr.** Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar getur hann vísað því til gerðardóms sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af viðkomandi sjóðfélaga, einum tilnefndum af viðkomandi lífeyrissjóði og oddamanni tilnefndum af [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> eða öðrum þeim aðila sem tilgreindur er í samþykktum viðkomandi sjóðs. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en  $\frac{1}{3}$  hluta málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.





- Úrskurðarnefnd kemur ekki í stað gerðardómsleiðar
- Dregur úr líkum á að mál fari fyrir gerðardóm/dómstóla
- Kemur til móts við þá sem ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að fara hefðbundnar leiðir með ágreining
- Nauðsynlegt að meta mögulegan málafjölda og kostnað
- Fyrirhugaðar breytingar á almannatryggingalögum
  - Starfsgetumat
  - Forsenda úrskurðarnefndar að lsj. sammælist um skilgr. á örorkuhugtakinu
- Huga að breytingum á 33. gr. laga 129/1997

# Úrskurðarnefnd lífeyrissjóðanna- dæmi um uppsetningu:



- Hvernig gæti slík nefnd litið út:
- **Skipan:**
  - Nefndarmenn tilnefndir af hagsmunaaðilum og fjármálaráðuneyti/Fjármálaeftirliti, eða
  - Nefndarmenn tilnefndir eingöngu af hagsmunaaðilum
- **Kærufrestur:** Þrjú mánuðir frá úrskurði



- **Málsmeðferð:**
  - Kvörtun til nefndar
  - Samþykki fyrir öflun gagna frá lífeyrissjóði
  - Sjóður lætur gögn af hendi er málið varða
  - Andmælaréttar gætt
  - Úrskurðað á grundvelli gagna
  - Meirihluti ræður niðurstöðu
  - Úrskurður ekki bindandi fyrir málskotsaðila
  - Sjóður bundinn af niðurstöðu ef ekki í berhögg við samþykktir/tilkynnir að muni ekki una úrskurði m. rökstuðningi



- **Málsmeðferðartími:** Allt að tveir mánuðir
- **Kostnaður:** Umsýsla og vistun greitt af fjármálaráðuneyti/FME
  - Kærandi greiðir hóflegt málskotsgjald
  - Beinn kostnaður til nefndarmanna – mögulegar leiðir:
    - Skipt milli lífeyrissjóða og kæranda
    - Fjártjón sjóðfélaga takmarkað við tiltekna fjárhæð
    - Beinn kostnaður feldur á þann sem tapar máli
- Rafræn málsmeðferð
- Úrskurðir birtir

# Mat á viðmiðunartekjum og tekjueftirlit



- Lífeyrissjóðir styðjast við viðmiðunartekjur við mat á því hvort sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutaps og eigi rétt til örorkulífeyris
- Skilvirkt tekjueftirlit er forsenda þess að sjóðfélagi fái „réttan“ örorkulífeyri
- Skv. skýrslu tekjumatshóps (undirhópur réttindanefndar) eru forsendur sjóðanna breytilegar:
- Forsendur vísitölu – LAUN eða VNV (meirihluti styðst við LAUN)
- Forsendur árafjölda – meðaltal tekna ýmist út frá 3 eða 4 árum (4 ár algengari)
- Tekjueftirlit – 3-4 mánaða fresti, viðmiðunartímabil tekna ólíkt



- Lífeyrissjóðir styðjast við viðmiðunartekjur við mat á því hvort sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutaps og eigi rétt til örorkulífeyris
- Skilvirkt tekjueftirlit er forsenda þess að sjóðfélagi fái „réttan“ örorkulífeyri
- Skv. skýrslu tekjumatshóps (undirhópur réttindanefndar) eru forsendur sjóðanna breytilegar:
- Forsendur vísitölu – LAUN eða VNV (meirihluti styðst við LAUN)
- Forsendur árafjölda – meðaltal tekna ýmist út frá 3 eða 4 árum (4 ár algengari)
- Tekjueftirlit – 3-4 mánaða fresti, viðmiðunartímabil tekna ólíkt



- Við tekjueftirlit hafa lífeyrissjóðir litið til bóta almannatrygginga, og öfugt
- Með samkomulagi við stjórnvöld og bráðabirgðaákvæðum í lögum var lífeyrissjóðum óheimilt að lækka greiðslur lífeyris vegna hækkana sem kynnu að verða á greiðslum frá TR, og öfugt
- Nefnd um endurskoðun almannatrygginga leggur til að lífeyrissjóðum verði óheimilt að líta til bóta almannatrygginga í tengslum við tekjuathugun örorkulífeyrisgreiðslna – gegn hækkun á framlagi ríkisins til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóðanna
- Mikilvægt að kostnaðarmeta breytingarnar– undirbúningur hafinn

# Brýn mál sem bíða umræðu og úrlausnar.....



- Örorokuhugtakið – samræmd skilgreining
- Er úrskurðarnefnd ágreiningsmála örorkulífeyris fýsilegur kostur?
- Mat á viðmiðunartekjum og tekjueftirlit
- Víxlverkanir almannatrygginga og lífeyrissjóða
- **Hvert á hlutverk lífeyrissjóða að vera í greiðslu örorkulífeyris?**